

Ítrekun

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 20. febrúar 2010, ítrekar eftirfarandi áskorun aðalfundar félagsins 2009 til frammámanna launþegasamtaka og lífeyrissjóða um málefni lífeyrissjóða launþega:

Lífeyrissjóðakerfi Íslendinga var komið á með frjálsum samningum launþega og atvinnurekenda 1969 og hefur þróast síðan í allgóðri sátt aðila þannig að jafnvel hefur þótt til fyrirmyndar öðrum þjóðum. Þetta kerfi myndar uppistöðuna í ævisparnaði þeirra sem nú eru komnir á efri ár og því eðlilegt að eldri borgarar láti sér annt um afkomu sjóðanna.

Frá upphafi hafa stjórnvöld, og ýmsir aðrir aðilar í þjóðfélaginu, ásælt fjármagn lífeyrissjóðanna, til ýmissa þjóðþrifamála, sem í það og það sinnið hafa verið ofarlega á baugi en þau skort fjármagn til að hrinda í framkvæmd. Sem betur fer hefur oftast tekist að verjast þeirri ásælni og forystumenn sjóðanna fyrst og fremst haft að leiðarljósi að ávaxta fjármagn þeirra með sem bestum og öruggustum hætti til greiðslu elli- og örorkulífeyris til sjóðfélaga, þegar að því kemur að þeir þurfa á að halda.

Varúðarsjónarmið í meðferð fjármuna sjóðanna hefur verið grundvallaratriði í starfsemi þeirra. Á sl. ári tókst að afstýra fyrirætlunum stjórnvalda um að stór hluti af hreinni eign sjóðanna gæti farið inn á svokallað vogunarviðskiptasvið alþjóðlegs peningamarkaðar með þeirri gífurlegu áhættu, sem nú er orðin öllum ljós. Nú heyrast raddir um að lífeyrissjóðir launþega eigi að kaupa banka eða önnur lykilyfirtæki hagkerfisins í því skyni að koma hjólum atvinnulífsins af stað og koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi. Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn 20. febrúar 2010 ítrekar aðvaranir síðasta aðalfundar við slíkum hugmyndum og skorar á forsvarsmenn launþegasamtakanna og frammámenn lífeyrissjóðanna að hafa hugföst þau upphaflegu markmið sjóðanna að tryggja sjóðfélögum sem ríflegastan lífeyri með sem öruggustum hætti og varast að falla í þá freistni að hætta fjármunum sjóðanna í áhættusömum rekstri á tvísýnum og viðsjárverðum tímum fjármálaheimskreppu.